

1985 nr. 43 4. júní**Lög um Verðlagsráð sjávarútvegsins****I. kafli. Skipan Verðlagsráðs og verkefni.**

■ **1. gr.** Verðlagsráð sjávarútvegsins annast meginframkvæmd laga þessara. Sjávarútvegsráðherra skipar Verðlagsráð eftir tilnefningu eftirtalinnna aðila, þannig:

A. Af hálfu fiskseljenda:

2 fulltrúar tilnefndir af Landssambandi íslenskra útvegs-
manna.

1 fulltrúi tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands.

1 fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

B. Af hálfu fiskkaupenda:

1 fulltrúi tilnefndur af Sölusambandi íslenskra fiskfram-
leiðenda.

1 fulltrúi tilnefndur af Sjávarafurðadeild S.Í.S.

2 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

2 fulltrúar tilnefndir af Félagi rækju- og hörpudiskfram-
leiðenda.

2 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Norður- og
Austurlandi.

2 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Suðvestur-
landi.

4 fulltrúar tilnefndir af Félagi íslenskra fiskmjölsframleið-
enda.

□ Fulltrúar í Verðlagsráði skulu skipaðir til tveggja ára í
senn. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og taka sæti í
Verðlagsráði í forföllum aðalmanna. Verðlagsráð kys sér for-
mann og ritara til eins árs í senn, annan úr hópi fiskselj-
enda og hinn úr hópi fiskkaupenda. Skulu þeir ásamt fram-
kvæmdastjóra undirbúa fundi ráðsins.

□ Heimilt er þeim, sem tilnefna eiga fulltrúa samkvæmt
þessari grein, að skipta um fulltrúa sína í Verðlagsráði, eftir
því sem rétt þykir, til þess að sjónarmið þeirra fiskseljenda og
fiskkaupenda, sem hlut eiga að máli við hverja verðákvörðun,
komi sem best fram.

□ Verðlagsráði er heimilt með samþykki ráðherra að ráða
sér framkvæmdastjóra og annað starfsfólk er annist dagleg
störf eftir því sem þörf krefur.

■ **2. gr.** Við ákvörðun um verð á sjávarafra skal Verðlagsráð
skipað 8 fulltrúum, jafnmörgum frá fiskseljendum og fisk-
kaupendum skv. 1. gr.

■ **3. gr. Fiskideild.** Þegar ákveða skal verð á sjávarafra, öð-
rum en þeim sem tilgreindur er í 4. og 5. gr., skal Verðlagsráð
skipað 4 fulltrúum fiskseljenda samkvæmt 1. gr. og 4 full-
trúum fiskkaupenda, þannig: 1 frá Sölusambandi íslenskra
fiskframleiðenda og 1 frá Sjávarafurðadeild S.Í.S. og 2 frá
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

□ Þegar ákveða skal verð á rækju og hörpudiski skal Verð-
lagsráð skipað 4 fulltrúum fiskseljenda samkvæmt 1. gr. og
4 fulltrúum fiskkaupenda, þannig: 2 frá Félagi rækju- og
hörpudiskframleiðenda, 1 frá Sjávarafurðadeild S.Í.S. og 1
frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

□ Þegar ákveða skal verð á lifur og fiskúrgangi úr sjávar-
afra, öðrum en síld, skal Verðlagsráð skipað 6 fulltrúum; 3
fulltrúum seljenda, þannig:

1 fulltrúi tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegs-
manna.

1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi
Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af fulltrúum Sölumið-
stöðvar hraðfrystihúsanna, Sölusambandi íslenskra fiskfram-
leiðenda og Sjávarafurðadeild S.Í.S. í Verðlagsráði og má
hann ekki eiga aðild að kaupum á fiskúrgangi, vera félags-
bundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum verksmiðja
þeirra er tilnefna fulltrúa kaupenda samkvæmt þessari máls-
grein;

og 3 fulltrúum kaupenda tilnefndum af Félagi íslenskra fisk-
mjölsframleiðenda.

□ Þegar ákveða skal verð á síldarúrgangi skal Verðlagsráð
skipað 6 fulltrúum; 3 fulltrúum seljenda, þannig:

1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi
Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

1 fulltrúi tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegs-
manna.

1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af fulltrúum Félags síld-
arsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félags síldarsaltenda
á Suðvesturlandi. Þessi fulltrúi má ekki eiga aðild að kaupum
á síldarúrgangi, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að
gæta í samtökum verksmiðja þeirra er tilnefna fulltrúa kaup-
enda samkvæmt 2. mgr.;

og 3 fulltrúum kaupenda tilnefndum af Félagi íslenskra fisk-
mjölsframleiðenda.

■ **4. gr. Síldarsöltunardeild.** Þegar ákveða skal verð á síld
til söltunar skal Verðlagsráð skipað 4 fulltrúum fiskseljenda
samkvæmt 1. gr. og 4 fulltrúum fiskkaupenda, þannig: 2 frá
Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og 2 frá Fé-
lagi síldarsaltenda á Suðvesturlandi.

■ **5. gr. Bræðsludeild.** Þegar ákveða skal verð á síld og
loðnu til bræðslu, svo og öðrum fiski sem veiddur er ein-
göngu eða að verulegu leyti til bræðslu, skal Verðlagsráð
skipað 4 fulltrúum fiskseljenda samkvæmt 1. gr. og 4 full-
trúum fiskkaupenda tilnefndum af Félagi íslenskra fiskmjöls-
framleiðenda.

□ Með reglugerð má ákveða að verðlagning samkvæmt 4.
og 5. gr. sé bundin við ákveðið verðlagssvæði.

■ **6. gr.** [Verð á öllum tegundum fersks sjávarafra, úrgangs-
fiski og fiskúrgangi, sem seldur er hér á landi, skal ákveð-
ið með frjálsum samningum milli kaupenda og seljenda eða
með sölu á uppboðsmarkaði, sbr. lög nr. 123 28. desember
1989.]

□ Verðlagsráði er þó heimilt með meiri hluta atkvæða að
ákveða lágmarksverð einstakra tegunda sjávarafra fyrir tiltek-
ið tímabil.¹⁾

¹⁾ L. 84/1991, 1. gr.

■ **7. gr.** Skylt skal öllum opinberum aðilum, svo sem Fiski-
félagi Íslands og Hagstofu Íslands, ásamt útflutningssamtök-
um fiskframleiðenda, svo og öðrum þeim aðilum sem hafa
með höndum sölu og/eða vinnslu sjávarafurða, að láta Verð-
lagsráði í té allar upplýsingar er því geta að gagni komið við
störf þess og þessir aðilar geta veitt. Samtökum útvegsmanna
skal á sama hátt skytt að láta Verðlagsráði í té allar upplýs-
ingar um reksturskostnað fiskiskipa.

II. kafli. Um verðákvæðanir Verðlagsráðs.

■ **8. gr.** Verðlagsráð skal við ákvæðanir sínar um lágmarks-
verð á sjávarafra meðal annars hafa hliðsjón af markaðsverði
sjávarafurða á erlendum mörkuðum, svo og framleiðslu-
kostnaði þeirra. Jafnframt skal Verðlagsráð haga verðákvörð-
unum sínum þannig að þær stuðli að bættri meðferð afla, þ.e.
tekið verði mið af gæðum sjávarafra eftir því sem markaðs-
aðstæður bjóða.

□ [Verðlagsráð kveður sjálfst á um verðlagstímabil.]¹⁾

¹⁾ L. 84/1991, 2. gr.

■ **9. gr.** Verðlagsráð skal í störfum sínum vinna að verðákvörðunum svo tímanlega að verðlagning sjávarafila liggi fyrir áður en nýtt verðlagstímabil hefst. Ákveða skal með reglugerð hvenær verðákvörðun skuli liggja fyrir í síðasta lagi.

■ **[10. gr.]**¹⁾ Ákvarðanir Verðlagsráðs eru bindandi sem lágmarksverð og má enginn selja sjávarafila undir því verði sem ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

¹⁾ L. 84/1991, 3. gr.

III. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **[11. gr.]**¹⁾ Sjávarútvegsráðherra ákveður verðlagsráðsmönnum þóknun fyrir störf þeirra og greiðist hún úr ríkissjóði ásamt öðrum kostnaði við ráðið og starfsemi þess.

¹⁾ L. 84/1991, 3. gr.

■ **[12 gr.]**¹⁾ Sjávarútvegsráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum Verðlagsráðs.

¹⁾ L. 84/1991, 3. gr.

■ **[13. gr.]**¹⁾ Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

□ Nú tregðast aðili, sem samkvæmt lögum þessum er skylt að gefa Verðlagsráði skýrslu eða upplýsingar, við að láta þær í té og má þá beita dagsektum frá 500 kr. til 5000 kr. þar til hann uppfyllir skyldur sínar.

¹⁾ L. 84/1991, 3. gr.

■ **[14. gr.]**¹⁾ Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

¹⁾ L. 84/1991, 3. gr.

■ **Ákvæði til bráðabirgða. . . .**